

1. Stjórnarfundur Andvara 2010 – 2011

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar var haldinn í félagsheimili Andvara miðvikudaginn 1.des 2010 kl.18:30. Mætt voru Ingibjörg G. Geirsdóttir, Guðjón Árnason, Geirprúður Geirsdóttir, Sigfús A. Gunnarsson, Hrafnhildur Pálsdóttir, Hulda Jóhannsdóttir og Þórdís Anna Gylfadóttir.

Dagskrá fundarins:

Nýr formaður Ingibjörg G. Geirsdóttir setti fundinn og kom með tillögur um Guðjón Árnason sem varaformann og Hrafnhildi Pálsdóttur sem ritara og var það samþykkt.

1. Sameining Andvara og Gusts. Ákveðið var að formaður myndi hafa samband við stjórn Gusts til að heyra þeirra hugmyndir um sameiningu.
2. Dagskrá vetrarsins. Þórdís tók að sér að senda póst á nefndir sem starfa á vegum félagsins til að fá dagsetningar á viðburði á þeirra vegur. Það á að vera tilbúið 15.desember og Þórdís ætlar að sjá um að koma út dagskrá vetrarins fyrir áramót.
3. Framkvæmdaráætlun og fjárhagsáætlun nefnda.
Ákveðið var nefndir sendi uppgjör til gjaldkera eftir hvern viðburð.
Hulda sem einnig er í mótanefnd ætlar að hafa samband við mótanefnd Gusts um möguleikana á að halda eina sameiginlega vetrarleika.
Ingibjörg og Hrafnhildur ætla að sjá um að útvega styrktaraðila fyrir vetrarleika Andvara og bjóða þeim fyrirtækjum sem eru tilbúin að styrkja félagið að vera með auglýsingaskilti í ljósakassanum og inn í höll.
4. Fundur með stjórn Garðarbæjar.
Ingibjörg og Guðjón ætla að fá fund og þau mál sem þau ætla að taka fyrir þar eru:
5. Sameiningarmálin við Gust.
6. Lýsing við hringgerði
7. Breikkun reiðvega, þar sem fram komu áhyggjur á því að reiðvegirnir eins og þeir eru núna beri ekki alla þá umferð hesta sem verður eftir að Heimsendahverfið stækkaði.
8. Snjómokstur. Guðjón tekur að sér að hafa samband við áhaldahús þegar það þarf mokstur.
9. Tölvupóstur. Ingibjörg sækir póst inn á vefinn en það stjórnarmeðlimi að fylgjast með líka.
10. Stöðuleyfi við gám. Guðjón tekur að sér að ganga frá því.
11. Önnur mál. Ákveðið var að fella niður kröfu á reiðskólann og semja við þau fyrirfram varðandi næsta ár. Mikilvægt að halda góðum samskiptum við forráðamenn reiðskólans.
12. Guðjón tók að sé að sjá um að það verði gerðar lagfæringar á gólfi reiðhallarinn til að við getum tekið að okkur að opna sýningarferli Félags tannningamanna eftir tvær vikur.
13. Athuga á með hitablásaramál fyrir reiðhöllina.
14. Hrafnhildur fór í síðustu viku á fund með UMSK þar sem kom fram að þeir eru tilbúnir að koma að sameiningu Andvara og Gusts ef þess er óskað. Einnig er UMSK er tilbúið að veita okkur styrk til að rita sögu félagsins og hvetja okkur til að gera það sem fyrst.
15. Fyrirhugað er að halda fundi einu sinni í mánuði í vetur , en vera í tölvusamskiptum þess á milli og boða til aukafunda ef þess þarf.
Næsti fundur á að vera mánudaginn 20. des kl.19:30.